

**„Melamat“**

**mat á námi með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá**

Lokaskýrsla Melaskóla til Sprotasjóðs  
vegna styrkveitingar 2013-2015

**Nafn skóla:** Melaskóli

**Nafn verkefnisins:** „Melamat“ (mat á námi með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá)

**Nafn verkefnisstjóra:** Helga Jóna Pálmadóttir/Margrét Ásgeirsdóttir

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var þrjúþætt:

- endurskoða nágildandi námsmat Melaskóla og aðlaga það að hæfniviðmiðum nýrrar aðalnámskrár
- stuðla að þróun samfellu í námsmatsaðferðum sem í senn eru fjölbreyttar og leiðbeinandi fyrir nemendur og foreldra í samræmi við stefnu skólans og nýja aðalnámskrá grunnskóla
- auka fjölbreytni aðferða við námsmat sem taki mið af megintilgangi matsins og hæfniviðmiðum sem byggja á þekkingu, leikni og hæfni.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Til að byrja með voru sameiginlegir fundir með öllum kennurum skólans þar sem áhersla var lögð á sameiginlegan skilning á hæfniviðmiðum nýrrar aðalnámskrár.

Eftir þá fundi skiptust kennarar skólans í tvo meginhópa eftir því hvaða nemendahópum þeir kenna. Allir kennararnir á yngsta stigi funduðu sameiginlega um leiðsagnarmat í íslensku og stærðfræði yfir allan veturinn. Þar voru umræður um námsmat og samþættingu samfélagsgreina og náttúrufræði við Byrjendalæsi. Kennarar sem tóku að sér fagstjórn í íslensku og stærðfræði á yngsta stigi unnu tillögur að námsmati og umsögnum fyrir íslensku og stærðfræði eftir umræður á stigsfundum. Þessar tillögur voru kynntar á sameiginlegum kennarafundi. Kennarar á yngsta stigi fóru yfir tillögurnar, báru saman og skiluðu álit. Leiðsagnarmat sem unnið var í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson nokkru áður var rætt á stigsfundi og kennurum falið að yfirfara það. Fagstjórar uppfærðu leiðsagnarmat í íslensku og stærðfræði til samræmis við nýja aðalnámskrá og skólanámskrá.

Kennurum á miðstigi var skipt í tvo hópa haustið 2013, þ.e. stærðfræðihóp og íslenskuhóp og leiddu tveir kennarar hópana (fagstjórar).

Hóparnir hittust mánaðarlega á vinnufundi þar sem farið var yfir nýja aðalnámskrá. Rætt var um áherslur og viðmið varðandi þekkingu,-leikni-og hæfni. Þetta voru ný hugtök að mörgu leyti og því þurfti töluverða umræðu og vinnu við að samræma sameiginlegan skilning á þeim. Jafnframt að móta stefnu skólans um námsmat í takt við aðalnámskrá.

List- og verkgreinakennarar tóku þátt í umræðufundum um sameiginlegan skilning og skilgreiningar á hugtökum með yngsta stigi eða miðstigi eftir því hvar þeir kenna mest. Eftir þá fundi mynduðu þeir þriðja hópinn þar sem þeir unnu sameiginlega að því að bera saman námsmatsleiðir, útfæra viðmið og umsagnir í eigin námsgrein og samræma hæfnipáttum nýrrar aðalnámskrár.

Inn á milli voru haldnir sameiginlegir fundir í skólanum til að miðla upplýsingum og ganga í takt. Þar var farið yfir helstu áherslur aðalnámskrár um námsmat og tekin dæmi um heildstætt mat á einstökum verkefnum í ákveðnum árgöngum.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið tók lengri tíma en gert var ráð fyrir. Áætlað var að formleg vinna við endurskoðun námsmats hæfist haustið 2013 en af ýmsum óviðráðanlegum orsökum gat sú vinna ekki hafist á tilsettum tíma. Stjórn Sprotasjóðs samþykkti að Melaskóli fengi að fresta verkefnaskilum um ár.

Helstu ástæður þess að verkefninu seinkaði eru þær að vinna sem þegar var í gangi við endurskoðun skólanámskrár reyndist umfangsmeiri en gert var ráð fyrir og ekki að fullu lokið. Ákveðið var að ljúka við skólanámskrána og fresta námsmatsvinnunni fram á vorönn 2014. Í byrjun árs 2014 ákvað Mennta- og menningarmálaráðuneytið að veita grunnskólum lengri tíma til að innleiða nýtt námsmat. Í kjölfar þess bauð sveitarfélagið kennurum og skólastjórnendum upp á fræðslufundi og námskeið um nýja námsmatið. Formleg vinna samkvæmt verkáætlun um endurskoðun námsmats til samræmis við nýja aðalnámskrá gat því ekki hafist á tilsettum tíma.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Margt reyndist erfitt og því tók vinnan lengri tíma en áætlað var. Skilningur kennara var ólíkur og það tók langan tíma að fá fram og samræma sameiginlegan skilning á viðmiðum. Einhverjum þótti erfitt að þurfa að hugsa hlutina upp á nýtt og breyta áherslum. Umræður snerust töluvert um hvaða viðmið gætu mælt hæfni nemenda sem lýtur að fræðilegri og hagnýtri þekkingu og leikni sem bæði er vitsmunaleg og verkleg þannig að matið sýni hvar einstaklingurinn stendur í sínu námi.

## Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Mikil umræða um námsmat hefur átt sér stað í öllu ferlinu sem hófst reyndar fyrr meðan vinna við skólanámskrána stóð yfir. Námsmatið er í breytingaferli eins og upphafleg markmið verkefnisins gerðu ráð fyrir og það er tvímælalaust orðið fjölbreyttara og gagnsærra en áður. Vinnuferlið sjálft og vinnubrögð nemenda eru metin, t.a.m. í stærri samvinnu-/þverfaglegum verkefnum og mynda á endanum hluta af lokamati í viðkomandi námsgreinunum. Samræming milli námsgreina og samfella milli aldurstiga hefur einnig náðst fram en það eykur fjölbreytni matsins. Hæfniviðmið námsgreina/verkefna eru ljós og frá upphafi fá nemendur að vita til hvers er ætlast og hvað verður metið.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

### *Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?*

Verkefnið mun hafa áhrif bæði hvað varðar samfellu í námsmati vetrarins sem birtist í lokamati að vori og við að samræma námsmat milli árganga. Verkefnið hefur nú þegar aukið fjölbreytni matsleiða og mun væntanlega gera það enn frekar. Það er samdóma álit okkar að verkefnið komi í rökréttu framhaldi af endurskoðun skólanámskrár þar sem námsmatið tekur mið af grunnþáttum menntunar og samræmist viðmiðum um hæfni nemenda í 1.-7. bekk. Við

upphaf hvers skólaárs á að liggja fyrir hver markmið námsins eru og hvernig námsmati verður háttáð þannig að nemendur og foreldrar viti að hverju þeir ganga.

Nemendur verða sjálfir virkari þátttakendur í matsferlinu með því að setja sér sín eigin markmið með hliðsjón af markmiðum námsins. Stefnt er að því að nemendur taki í auknum mæli þátt í því að móta vinnuferli tiltekinnar verkefna ásamt kennara sínum og meti vinnuframlag sitt sjálfir. Til að auðvelda þeim sjálfsmati fá nemendur í hendur matslista sem taka mið af markmiðum viðkomandi námsgreina samkvæmt því mati sem stuðst verður við hverju sinni. Á matslistunum eru tilgreind hæfniviðmið, vinnutilhögun þegar það á við og fjöldi stiga sem gefinn er fyrir tiltekna þætti. Gera má ráð fyrir því að auðveldara verði að hafa námsmat fjölbreytt og gagnsætt þegar allir vita hvað lagt er upp með í upphafi skólaárs og hvernig ætlunin er að meta þekkingu, leikni og hæfni nemenda.

## Niðurstöður verkefnisins

### *Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins*

Á fyrstu stigum verkefnisins fór mikill tími í samræður í smærri hópum og á stærri fundum um hugtök sem mikilvægt er að allir kennarar skilji á sama hátt. Hugtökin hæfniviðmið og lykilhæfni voru krufin og rætt hvernig hæfni einstaklinga verði metin með sanngjörnum hætti. Einnig var rætt um mat á hæfni einstaklingsins í mismunandi námsgreinum og hvernig matið er sett fram í vitnisburði. Matslistar af ýmsum gerðum voru útbúnir og sniðnir að markmiðum viðkomandi námsgreina og þeirri tegund mats sem þeim var ætlað að endurspeglar. Sem dæmi má nefna að leiðsagnarmat, sjálfsmat, kennaramat og jafningjamat eru matsaðferðir sem kennarar sameinuðust um að leggja til grundvallar lokamats síðastliðið vor.

Á einhverjum tímamarki í ferlinu þurfti að staldra við og spyrja hvort við værum á réttri leið. Þá reyndist mikilvægt að brýna fyrir kennurum að um endurskoðun og breytingu á námsmati væri að ræða en ekki hreina viðbót við það sem fyrir var. Umræðan meðal kennara meðan á ferlinu stóð var frjóg og leiddi að lokum til sameiginlegrar niðurstöðu um að lokamat á þekkingu, leikni og hæfni nemenda byggði á fjölbreyttum matsaðferðum, samfeldu mati og gagnsæi aðferða.

### *Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?*

Markmið verkefnisins var að hefja ákveðna greiningarvinnu með endurskoðun á námsmati og innleiðingu á nýrri hugsun við að meta þekkingu leikni og hæfni nemenda. Það gekk eftir. Vinnan við verkefnið fól í sér að aðlaga námsmatið að hæfniviðmiðum nýrrar aðalnámskrár. Það markmið hefur náðst, örlítið mismunandi eftir námsgreinum. Mikil áhersla var lögð á endurskoðun námsmats í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Þeirri vinnu er lokið að fullu og er tilgreint í skólanámskrá hvernig námsmati skuli háttáð. Endurskoðun námsmats í öðrum námsgreinum lauk einnig og eru matsleiðir tilgreindar í skólanámskrá. Lokamat síðasta skólaárs var unnið í samræmi við það.

Innleiðing á breyttu námsmati var strangt ferli sem einkenndist af umræðum og tilraunum með matsaðferðir, samræmingu við hæfniviðmið og að skapa samfellu milli aldursstiga. Afraksturinn hefur verið festur í sessi með skráningu í skólanámskrá og í grundun kennara

eftir að hafa prófað aðferðirnar við lok skólaárs. Stefnt er að því að festa vinnubrögðin í sessi og geta sagt „svona gerum við í Melaskóla“ í byrjun næsta skólaárs.

### ***Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?***

Verkefnið mun halda áfram að þróast og festast í sessi innan skólans undir þeim formerkjum að námsmat er breytilegt eftir áhersluþáttum í skólanámskrá hverju sinni.


### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.**


Námsmatið verður birt í skólanámskrá Melaskóla og nánari útfærsla í bekkjanámskrá fyrir hvern árgang. Foreldrum verður kynnt fyrirkomulag námsmats á árlegum kynningarfundum, Hópfundi, í byrjun skólaárs. Nemendum verður kynnt fyrirkomulag námsmats hvorrar námsgreinar. Þeir verða sjálfir þátttakendur með því að meta markmið sín með náminu og eigið vinnuframlag.

### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Að loknu þessu verkefni eru kennarar Melaskóla meðvitaðir um að endurskoðun námsmats er mjög mikilvægt viðfangsefni í skólastarfi. Það höfðar meira til þeirra sem hafa þróað það sjálfir. Vinnan reyndist umfangsmeiri en gert var ráð fyrir en slík vinna er vart framkvæmanleg nema til komi sérstök greiðsla fyrir. Þar sem ferlið krafðist stöðugar umræðu og skoðanaskipta, tíma og næðis reyndist nauðsynlegt að ákveðnir aðilar innan skólans tækju að sér að halda verkefninu gangandi. Melaskóli þakkar Sprotasjóði fyrir stuðninginn.

**Dagsetning: 2. september 2015**

  
Undirskrift verkefnisstjóra

  
Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla